

Umsögn um þskj. 381 – 329. mál.

Umsögn Atla Lýðssonar framkvæmdastjóra Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra, um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra

Í upphafi er rétt að taka fram að ég er mjög áfram um að úttekt sú sem fjallað er um í upphafi þingsályktunartillögunnar verði framkvæmd.

Varðandi það að sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu og möguleika barna og ungmenna þá tel ég ekki síður mikilvægt að kanna stöðu þessara mála hjá þeim sem eru orðnir fullorðnir.

Listnám getur verið mjög mikilvægur þáttur í að auka lífsgæði þeirra sem eru fatlaðir óháð lífaldri viðkomandi. Listnám er einnig notað í síauknum mæli við endurhæfingu geðsjúkra, fólks með seinni tíma heilaskaða, fólks með skerta hreyfigetu o.fl..

Að öðru leyti er ég sammála því sem kemur fram í þingsályktunartillögunni.

Reykjavík 08. 03. 2004



Virðingarfyllst, Atli Lýðsson

